



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

## Starf Flugklasans Air 66N 1. maí – 25. október 2023

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

### Markaðssetning

Flugklasinn hefur tekið þátt í fjölmögum ferðasýningum og vinnustofum undanfarið til að kynna nýjar flugleiðir. Mikil vinna hefur farið í að hvetja innlenda og erlenda ferðasöluaðila til þess að nýta nýja möguleika í flugi beint til Akureyrar.

Sýningar þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- Winter Event á vegum Voigt Travel í lok september
- IFTM Top Tesa í París í byrjun október
- Vest Norden í Reykjavík í október

Vinnustofur sem Flugklasinn hefur sótt:

- Frankfurt og París í september
- Antwerpen og Utrecht í byrjun október

Einnig tók Flugklasinn þátt í viðburði á vegum íslenska sendiráðsins í Brussel, sem haldinn var í Amsterdam 6. Júní. Þangað var boðið fulltrúum ferðaskrifstofa og öðrum í atvinnugreininni. Norðurland kynnt sérstaklega, Voigt Travel líka með kynningu á sinni starfsemi á Norðurlandi.

Almennt má segja að vitund erlendra ferðasöluaðila um Norðurland er að aukast, sem og áhugi þeirra á að senda sína gesti þangað. Markaðssetningin á hinum ýmsu mörkuðum er að skila sér smám saman, sem er gríðarlega mikilvægt til þess að styðja undir aukið millilandaflug.

Móttaka blaðamanna er nú sem fyrr mikilvægur liður í starfi Flugklasans. Hér má sjá yfirlit yfir heimsóknir blaðamanna síðustu mánuði:

- Seinnipartinn í maí kom 9 manna hópur blaðamanna á vegum flugfélagsins Edelweiss, sem hóf áætlunarflug frá Zurich til Akureyrar í sumar. Hópurinn ferðaðist í 3 daga um Norðurland og hefur skilað miklu og góðu efni eftir ferðina. Flugklasinn tók mikinn þátt í skipulagningu, framkvæmd og kostnaði við þetta verkefni.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

- Alva Gehrmann kom norður í maí, hún er þýsk blaðakona sem þekkir Ísland mjög vel og hefur oft komið hingað. Skrifaði tvær greinar í "Frankfurter Allgemeine Sonntagszeitung (FAS)". Er einnig að uppfæra bók sem hún skrifaði um Ísland fyrir nokkrum árum.
- Lisa blaðakona kom norður í júní. Hún kom fyrir tveimur árum í blaðamannaferð á vegum Íslandsstofu og vildi koma aftur til að upplifa svæðið enn betur. Skrifaði grein í Reisereporter.de
- Chuck Miller, frægur golf-blaðamaður, kom til Norðurlands seinnipart júnímánaðar í tengslum við Arctic Open golfmótið á Akureyri.
- 2 þýskir blaðamenn komu seinnipartinn í ágúst, ferðuðust inn á hálandið og víðar.

Flugklasinn tók virkan þátt í móttöku fulltrúa ferðaskrifstofa á tímabilinu (FAM ferðir)

- Í júní kom í heimsókn fulltrúi frá stórri ferðaskrifstofu í Evrópu til að kynna sér Norðurland. Þessi ferðaskrifstofa stefnir að því að nýta flug Voigt Travel til þess að senda sína gesti beint norður.
- Í byrjun október tók Flugklasinn á móti fulltrúum frá innlendum ferðaheldsala sem hefur hug á að nýta aukið millilandaflug til Akureyrar í samstarfi við sína tengiliði erlendis.
- Um miðjan október komu fulltrúar 10 ferðaskrifstofa frá Evrópu og Norður-Ameríku í FAM ferð í tengslum við Vest Norden. Að þessu sinni var ferðast um vesturhluta Norðurlands, frá Hrútafirði til Akureyrar.
- Seinnipart október kom fulltrúi frá stórri ferðaskrifstofu sem starfar í 8 Evrópulöndum, til þess að kynna sér svæðið og þjónustu í boði. Ferðaskrifstofan stefnir að því að nota flug easyJet frá London fyrir sína gesti.

Efnisframleiðslu var haldið áfram á tímabilinu. Talsvert var bætt við myndabankann, en að þessu sinni var áhersla á ferðamannaleiðirnar (Norðurstrandarleið og Demantshringinn) og Akureyri. Einnig voru tekin upp ný miðnætursólarmyndbönd og þau notuð fyrir birtingar á samfélagsmiðlum í sumar.

## Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Það má segja að það sé allt að gerast í flugi til Akureyrar þessa dagana.

Stærsta frétt sumarsins var þegar easyJet tilkynnti um fyrirhuguð áætlunarflug frá London til Akureyrar nú í vetur. Er þetta gríðarlega stór áfangi í starfi Flugklasans og afar mikilvægt að þessi flug gangi vel. Að þessu er búinn að vera langur aðdragandi og sem dæmi má nefna að fyrsti fundur með easyjet um beint flug til AEY var haldinn árið 2012. Þetta hefur því tekið tíma og ýmsar hindranir seinkað ferlinu s.s. Brexit, Covid og fleira slíkt. Síðan í lok síðasta árs hefur þó Flugklasinn unnið mjög þétt með easyJet til að láta



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

þetta verða að veruleika og nú er þetta loksins að gerast. Fyrsta flugið til AEY verður þriðjudaginn 31. október og flogið verður alla þriðjudaga og laugardaga til lok mars. Flugklasinn mun halda áfram að vinna þétt með easyJet að ýmsum verkefnum s.s. yfirlestur á markaðsefni, tengingar við ferðaskrifstofur og birgja og fleira slíkt. Einnig vinnur Flugklasinn markvisst að því að auka vitund ferðasöluaðila um þessa nýju flugleið og virkja ferðaskrifstofur til þess að nýta sér hana og bjóða upp á fleiri vörur/vörupakka á Norðurlandi. Það er MJÖG mikilvægt að þessi flug gangi vel svo þau haldi áfram og til þess að hægt verði að lengja tímabilið í framtíðinni. Markmið Flugklasans er að hér sé áætlunarflug allt árið og þangað stefnum við.

Voigt Travel stóð fyrir vikulegu leiguflugi frá Rotterdam í sumar líkt og undanfarin ár. Jafnframt eru fyrirhuguð 12 leiguflug frá Amsterdam í veturna, og er það aukning frá síðasta vetrri. Flogið verður frá 20. janúar og fram í seinni hluta mars. Þessi flug hafa gengið vel og stefnt að því að halda þeim áfram næstu misseri. Þessi starfsemi Voigt Travel hefur haft mikil jákvæð áhrif á þróun vetrarferðaþjónustu á Norðurlandi og rutt brautina fyrir frekari aukningu þar. Flugklasinn hefur átt í góðu samstarfi við Voigt Travel sem fyrr, og unnið með þeim að ýmsum verkefnum til að auka eftirspurn. Í nóvember mun Voigt Travel, í samstarfi við Flugklasann, bjóða upp á námskeið og vinnustofur fyrir ferðaþjónustufyrirtækjá á Norðurlandi. Markmiðið er að styrkja tengsl, fræða um starfsemi Voigt Travel og auka þjónustugæði.

Flugfélagið Edelweiss í Sviss hélt uppi áætlunarflugi til Akureyrar frá Zurich síðasta sumar. Flogið var vikulega í 7 vikur í júlí og ágúst, og stefnt er að lengri áætlun næsta sumar. Tengingin við Zurich er mjög áhugaverð, þar sem mjög auðvelt er að tengja Akureyri í einum miða við fjölmarga áfangastaði í mið- og suður Evrópu. Það nýtist afar vel, bæði til að fylla vélarnar til Akureyrar, en einnig fyrir heimafólk sem hefur með þessu aukna möguleika til tenginga út.

Edelweiss mun einnig sjá um leiguflug svissnesku ferðaskrifstofunnar Kontiki í veturna. Fyrirhugaðar eru 6 vikulegar flugferðir í febrúar og mars frá Zurich. Þetta er leiguflug, en heimfólk getur keypt flugmiða hjá Verdi Travel á Akureyri. Þessi flug eru búin að vera í undirbúningi í nokkurn tíma og eru að nokkru leyti sett upp á svipaðan hátt og leiguflug Voigt Travel. Þetta mun verða velkomin viðbót fyrir vetrarferðaþjónustu á svæðinu.

Icelandair tilkynnti í vor ákvörðun um að hefja að nýju tengiflug milli Keflavíkur og Akureyrar. Um er að ræða 6 vikna tímabil til prifu, en ekki liggur fyrir hvort eða hvenær halddið verður áfram. Flugið hófst 15. október og stendur út nóvember. Flogið er þrisvar í viku frá AEY til KEF og henta flugtímar til þess að tengja við Evrópuflug Icelandair frá Keflavík. Flugklasinn aðstoðaði með kynningu á þessu og hélt ásamt Icelandair kynningarfund á Akureyri fyrir hagsmunaaðila. Flugklasinn fagnar því að þetta hafi farið aftur af stað, en hefur jafnframt bent Icelandair á að fljúga þurfi lengur en í 6 vikur til þess að fá marktækar niðurstöður á hvort þetta geti gengið til framtíðar. Til þess að ferðaskrifstofur muni nota þennan valkost þarf flugtímbilið að vera lengra og meiri fyrirsjáanleiki lengra fram í tímann. Vonandi ákveður Icelandair að festa þessa tengingu í sessi að tilraun lokinni.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Í viðbót við ofangreint er verið að vinna á fleiri mörkuðum að því að fá inn beint flug. Fulltrúi Flugklasans hefur m.a. fundað með frönskum ferðaskrifstofum sem sýnt hafa áhuga á beinu flugi til Akureyrar. Einnig er til staðar áhugi í Þýskalandi og mun Flugklasinn halda áfram að vinna á þessum mörkuðum.

Flugklasinn hefur áfram unnið þétt með Nature Direct hópnum, en Nature Direct er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum. Samskipti við flugfélög (sem ekki eru farin að fljúga) fara að mestu í gegnum þennan vettvang og þar er stöðug vinna í gangi miðuð beint að flugfélögnum. Vinna Flugklasans er meira miðuð á ferðaskrifstofurnar og svo vinna með flugfélögum sem þegar hafa byrjað flug.

## Innra starf

Flugklasinn (í gegnum Markaðsstofu Norðurlands) er aðili að stóru vörupróunarverkefni í ferðaþjónustu sem heitir Straumhvörf og nær yfir allt Norður- og Austurland. Að verkefninu standa Austurbrú, MN, SSA, SSNV og SSNE og fékk verkefnið styrk frá Byggðastofnun. Tilgangur verkefnisins er að halda vinnustofur með ferðaþjónustufyrirtækjum og fulltrúum sveitarfélaga, þar sem aðaláhersla er á vörupróun í ferðaþjónustu - sérstaklega m.t.t. aukins millilandaflugs til Akureyrar og Egilsstaða. KPMG heldur utanum vinnustofurnar og jafnframt hefur verið ráðinn erlendir ráðgjafi til þátttöku. Fulltrúi Flugklasans leiðir stýrihóps verkefnisins og mikil vinna hefur farið í undirbúning frá því í sumar. Vinnustofurnar verða haldnar á fjórum stöðum á Norður- og Austurlandi dagana 30. október - 2. nóvember. Væntar afurðir af vinnunni eru nýjar vörur eða vörupakkar á svæðinu. Að vinnustofum loknum verður eftirfyldni fyrir verkefni í vinnslu og tækifæri til að kynna nýjar vörur í Ferðaþjónustuvíkunni í janúar. Verkefnið er afar mikilvægt til þess að auka samvinnu, auka vöruframboð og gera áfangastaðinn áhugaverðari fyrir ferðamenn.

Framkvæmdir á flughlaðinu á flugvellinum hafa gengið vel og stefnt að því að taka það í notkun fyrir lok árs. Viðbyggingin við flugstöðina er risin og verið að vinna í frágangi á henni. Vonir standa til að hún komist í gagnið fljótlega á nýju ári. Þá er eftir að fara í breytingar á eldri flugstöðvarbyggingu, en stefnt er að því að öllum framkvæmdum verði lokið næsta sumar.

Flugklasinn hefur lagt áherslu á að Isavia hraði vinnu við nýtt GPS aðflug úr suðri fyrir AEY. Slíkt aðflug myndi auka verulega öryggi og nýtingarmöguleika flugvallarins. Þróun á þessu aðflugi krefst talsverðar vinnu en ekki mikils kostnaðar, þar sem ekki þarf að fjárfesta í búnaði á jörðu niðri. Flugklasinn mun halda áfram að fylgja þessu máli eftir.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

## Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru fram undan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Vinna með Nature Direct og þeim aðilum sem eru að standa fyrir flugi mun halda áfram. Vinna með easyJet mun verða fyrirferðamikil þar sem afar mikilvægt er að það verkefni gangi vel. Vöruþróunarverkefnið Straumhvörf er einn af mörgum mikilvægum þáttum í þeirri vinnu. Flugklasinn mun einnig fylgjast með framgangi mála í uppbyggingu Akureyrarflugvallar og halda áfram að veita aðhald þar.

Í stuttu máli eru þessir viðburðir stærstir á næstunni:

- Viðburður sem Flugklasinn mun standa fyrir í tilefni af fyrsta flugi easyJet þann 31. október.
- Straumhvörf - vinnustofur 30. október - 2. Nóvember.
- World Travel Market í London 6.-8. Nóvember.
- Námskeið/vinnustofur í samstarfi við Voigt Travel 23.-24. nóvember.

Að óbreyttu verður verkefnum Flugklasans hætt um næstu áramót, þar sem fjármögnun hefur ekki fengist í verkefnið.

Akureyri, 25. október 2023  
Hjalti Páll Þórarinsson  
Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N